

**Afgreiðsla umsóknar um tímabundið  
atvinnu- og dvalarleyfi fyrir borgara  
ríkja utan Evrópska efnahags-  
svæðisins.**

Atvinnurekandi auglýsir starfið laust hjá viðkomandi svæðis-  
vinnumiðlun.

Undirritaðar umsóknir um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt  
ráðningarsamningi skal senda til umsagnar hlutaðeigandi stéttarfé-  
lags eða landssambands.

Eftir að umsögn stéttarfélags er fengin skal senda umsóknar-  
eyðublöð og ráðningarsamning til Útlendingastofnunar, Skógar-  
hlíð 6, 105 Reykjavík.

*Eftirtalin gögn skulu fylgja umsókninni:*

- 1) *Passamynd*
- 2) *Ljósrit úr vegabréfi / ferðaskilríki*
- 3) *Staðfesting á tryggu húsnæði*
- 4) *Sjúkratrygging*
- 5) *Frumrit sakavottorðs, þýtt af löggiltum skjalapýðanda*
- 6) *Heilbrigðisvottorð*
- 7) *Ráðningarsamningur*
- 8) *Umsögn viðkomandi stéttarfélags*

Útlendingastofnun veitir útlendingi dvalarleyfi og  
sendir umsókn um tímabundið atvinnuleyfi til Vinn-  
umálastofnunar.

Útlendingastofnun synjar um  
dvalarleyfi. Umsækjandi getur  
kært ákvörðun Útlendinga-  
stofnunar til dómsmála-  
ráðuneytis. Kærufrestur er 15  
dagar.

Vinnumálastofnun veitir atvinnuleyfi eftir að svæðis-  
vinnumiðlun hefur staðfest að starfsmaður verður ekki  
fenginn á EES-svæðinu. Tilkynning er send atvinnurek-  
anda og útlendingi ef heimilisfang hans er þekkt. Afrit  
af tilkynningu er sent Útlendingastofnun sem gefur út  
skírteini því til staðfestu þegar, sótt hefur verið um  
kennitölu og skráð heimilisfang útlendinga á Íslandi,  
hjá Þjóðskrá, Borgartúni 24, Reykjavík.

Vinnumálastofnun synjar at-  
vinnurekanda um veitingu á leyfi  
til að ráða hlutaðeigandi  
útlending.

Útlendingur skal vitja skírteinis hjá lögreglustjóra  
u.þ.b. 10 dögum eftir að heimilisfang hans á Íslandi,  
hefur verið skráð hjá Þjóðskrá, Borgartúni 24,  
Reykjavík.

Atvinnurekandi getur kært á-  
kvörðun Vinnumálastofnunar til  
félagsmálaráðuneytis. Kæru-  
frestur er fjórar vikur.